

Vegna tilkynningar um öryggisbrest við vinnslu persónuupplýsinga í tölvukerfi sem rekið er af Wise lausnum ehf.

Frá : Þór Sigurðsson - PV <thor.sigurdsson@personuvernd.is>
Heiti : Vegna tilkynningar um öryggisbrest við vinnslu persónuupplýsinga í tölvukerfi sem rekið er af Wise lausnum ehf.
Málsnúmer : 2412021
Málsaðili : Wise lausnir ehf.
Skráð dags : 24.09.2025 09:20:39
Höfundur : Þór Sigurðsson - PV <thor.sigurdsson@personuvernd.is>
Viðhengi : [image001.png](#)

Þú færð ekki oft tölvupóst frá thor.sigurdsson@personuvernd.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Ágæti viðtakandi.

Vísað er til tilkynningar þinnar til Persónuverndar vegna öryggisbrests við vinnslu persónuupplýsinga í tölvukerfi sem rekið er af Wise lausnum ehf.

Í ljósi fjölda tilkynninga sem borist hafa um hliðstæð tilvik hefur Persónuvernd ákveðið að afmarka nánari skoðun sína við Wise lausnir ehf. Mun Persónuvernd samkvæmt þessu ekki aðhafast að sinni í fyrirbyggjandi máli vegna tilkynningar þinnar og er málinu lokað í málaskrá stofnunarinnar.

Þessi málalok fela ekki í sér afstöðu Persónuverndar til þess hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem tilkynning þín varðaði samrýmdist ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um upplýsingaöryggi. Í þessu sambandi áréttar Persónuvernd að tilkynningum um öryggisbresti er haldið til haga og kunna þær síðar að verða stofnuninni tilefni til frumkvæðisathugana eða úttekta.

F.h. Persónuverndar,

Þór Sigurðsson

Tölvunarfræðingur, sérfræðingur í upplýsingaöryggi

Persónuvernd | Data Protection Authority



[Fyrirvari](#) | [Disclaimer](#)- [Persónuverndarstefna](#) | [Privacy Notice](#)